



## FRAMKVÆMDARÁÐ SSA

### FUNDARGERÐ

Símafundur var haldinn í framkv.ráði SSA föstud. 8. ap. 2011. kl. 09:00

Í símasambandi voru: Valdimar O. Hermannsson, Páll Baldursson og Stefán Bogi Sveinsson. Einnig sat fundinn frkvstj. SSA, Bj. Hafþór Guðmundsson. Valdimar stýrði fundi.

Fundarefni:

#### 1. Ósk um fund með ríkisstjórn Íslands.

Fram hefur komið sú hugmynd að stjórn SSA f. h. sveitarfélaga á Austurlandi bjóði ríkisstjórninni að halda fund eystra um eflingu atvinnu og byggðar hér eystra, sbr. yfirlýsingu hennar 5. apríl 2011 varðandi Vestfirði.

Við umfjöllun um málið kom fram sterkur samhugur með Vestfirðingum og einhugur um að bregðast hefði þurft við neikvæðri byggðaþróun þar, þótt fyrir hefði verið. Hins vegar var það mál manna að enn á ný gripu stjórnvöld til þeirra ráða að kasta bjarghringnum til þeirra, sem í sjávarháskann væru komnir í stað þess að hækka öryggisstigið um borð í öllum flotanum (hinni verðmætaskapandi landsbyggð), sem heldur öðrum fremur hagkerfi landsins gangandi.

Aðgerðir, sem þarna væri gripið til, gengju m.a. út á að styrkja grunnþætti, sem m.a. væri samhliða verið að skera niður fjármagn til annars staðar, t.d. hér eystra. Mætti í því sambandi minna á skert fjármagn til menningar-, menntunar- og þekkingarsamfélagsins, auk þess sem aðhaldssemi í opinberum framkvæmdum, t.d. samgöngubótum þýddi að fjölmörg verktakafyrirtæki berðust nú í bökkum.

Samþ. var samhljóða að fela frkvstj. að senda oddvitum ríkisstjórnarinnar ósk um að hún fundi hið fyrsta á Austurlandi og að samhliða fari fram viðræður við stjórn SSA og sveitarstjórnarmenn með það í huga að ákveðnar verði og tilkynnt um sértækar aðgerðir, sem snúi núverandi varnarstöðu víða á starfssvæði SSA í aukin sóknartækifæri. Þar með verði Austfirðingum áfram gert kleift að leggja enn hærra hlutfall umfram landsmeðaltal, en nú er til þjóðarbúsins og samhliða treyst búsetu og eflar grunnstoðir samfélaga í Múlasýslum.

#### 2. Verkefni í gangi.

Frkvstj. gerði lítillaga grein fyrir starfi á vegum AE (Austfirzkrar einingar) og AST (Austfirzkra stoðstofnana) að undanfögnu. Verkefni AE eru fjölmörg, en ótímabundin, en verkefni AST miðar að því að eigi síðar en í lok maí á þessu ári liggi fyrir skýrar tillögur um endurskipulagningu á stoðkerfi stofnana þeirra, sem að verkefninu koma. Fyrir dyrum er fundur AST hópsins í heild miðvikud. 20. apríl, en undanfarna 14 vikur hefur starfað ótullega sérstakt framkvæmdaráð, sem valið var til að vinna að framgangi mála þeirra, sem undir verksvið AST heyrja.



---

**3. Ársuppgjör 2010 o fl.**

Aðspurður gerði frkvstj. grein fyrir stöðu mála við frágang uppgjors vegna útgöngu Sveitarfélagsins Hornafjarðar annars vegar og Langanesbyggðar hins vegar á sínum tíma. Við uppgjorið þarf annars vegar að taka tillit til lífeyris-skuldbindinga, sem SSA / aðildarsveitarfélögin eru ábyrg fyrir með hliðsjón af íbúafjölda í viðkomandi sveitarfélögum / á starfssvæðinu öllu á þeim tíma, sem þau hurfu inn í önnur landshlutasamtök.

Stefnt væri að því að bókhaldslega yrði hægt að gera grein fyrir uppgjori þessa atriðis samhliða frágangi ársreikninga 2010, en það verk væri vel á veg komið.

**4. Ársfundur Landsvirkjunar 15. apríl 2011.**

Formaður, eða varaformaður SSA munu sitja fundinn fyrir hönd SSA. Frkvstj. falið að ganga frá skráningu á fundinn.

**5. Almenningsamgöngur.**

Auglýstur hefur verið kynningarfundur í REK 13. apríl. Frkvstj. mun að öllu óbreyttu sitja fundinn.

**6. Næsti stjórnarfundur.**

Mínt var á fyrirhugaðan stjórnarfund SSA mánud. 18 apríl. Samhliða honum verður á vegum IRR (innanríkisráðuneytisins) kynningarfundur á verkefninu Ísland 20 / 20.

**7. Önnur mál.**

Önnur mál engin.

Fleira ekki fyrir tekið. Fundi slitið kl. 09:55.

Bj. Hafþór Guðmundsson (fundaritari).